

S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Tónskáldasjóð RÚV og STEFs

Inngangur

Með skipulagsskrá þessari er Tónskáldasjóður RÚV sem hefur verið í vörslu Ríkisútvarpsins (hér eftir nefnt „RÚV“) og Tónskáldasjóður Rásar 2 sem verið hefur í vörslu STEFs sameinaðir í einn sjóð. Frá og með undirritun skipulagsskrár þessarar fellur úr gildi skipulagsskrá Tónskáldasjóðs RÚV frá 10. desember 1984 svo og reglur STEFs sem gilt hafa um Tónskáldasjóð Rásar 2. Samhliða undirritun þessarar skipulagsskrá er undirritaður viðauki við tvo samninga RÚV og STEFs frá 16. mars 1987er mæla fyrir um þessa tvo sjóði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Tónskáldasjóður RÚV og STEFs“. Í Tónskáldasjóð rennur annars vegar hluti af gjöldum Ríkisútvarpsins fyrir hljóðritunarrétt íslenskra tónverka samkvæmt samningum þar um við STEF frá 16. mars 1987 og hins vegar tiltekið hlutfall flutningsréttargreiðsla RÚV samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs á hverjum tíma (nú 8% af flutningsréttargreiðslum að frádregnum vsk. og 10% vegna rekstur dreifikerfis útvarps) svo og aðrir þeir fjármunir sem sjóðnum kunna að áskotnast.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að frumsköpun og útbreiðslu íslenskrar tónlistar m.a. á eftirgreindan hátt:

- Að veita fjárstuðning til greiðslu launa til höfunda fyrir tónsmíðar og heildstæð tónlistarverkefni, þar með talda textagerð við þau. (Með heildstæðum tónlistarverkefnum er m.a. átt við um tónsmíðar fyrir heila plötu.) Skal sérstaklega horft til þess að fagþekking fái notið sín og að metnaðarfyllri og yfirgripsmeiri verkefni hafi forgang.
- Að veita fjárstuðning við nýsköpun verka til flutnings í miðum RÚV.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír aðilar:

Útvarsstjóri sem er fulltrúi RÚV skal vera formaður sjóðsins. Að auki tilnefnir stjórn STEFs tvo aðra aðila með háskólamenntun í tónlist eða sambærilega reynslu og þekkingu á íslensku tónlistarlífi. Skal annar þeirra vera úr Félagi tónskálda og textahöfunda og hinn úr

YAF
MF

Tónskáldafélagi Íslands. Útvarpsstjóri skipar sinn varamann, en stjórn STEFs tilnefnir varamenn sína og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn. Miðað skal við að fulltrúar STEFs sitji ekki í stjórn sjóðsins lengur en þrjú ár í senn.

4. gr.

Sjóðurinn er gegnumstreymissjóður og er því heimilt að úthluta innistæðu hans eins og hún er á hverjum tíma.

5. gr.

Sjóðurinn úthlutar þrisvar sinnum á ári á grundvelli umsókna sem honum berast.

6. gr.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- a) Ferilskrá umsækjanda
- b) Ítarleg verkefnislýsing
- c) Verk- og tímaáætlun
- d) Fjárhagsáætlun

7. gr

Umsækjendur skulu skila lokaskýrslu við verklok og gera grein fyrir því hvernig styrkurinn var nýttur. Hafi lokaskýrsla ekki borist þegar ár er liðið frá styrkveitingu getur stjórn sjóðsins krafíð umsækjanda um að styrktarfé verði endurgreitt. Skil lokaskýrslu eru forsenda þess að sama umsækjanda geti verið veittur styrkur síðar.

8. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörlu RÚV og sjóðsstjórnar sem sér um ávöxtun hans og skal hann vera algjörlega fráskilinn sjóðum Ríkisútvarpsins.

9. gr.

Endurskoðendur Ríkisútvarpsins skulu endurskoða allt reikningshald sjóðsins og skal ársreikningur hans, endurskoðaður, sendur STEFi fyrir júnílok ár hvert.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta verði um það samkomulag milli aðila sem undirrita skipulagsskrá þessa.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi við undirskrift.

Samþykkt í Reykjavík, 3. apríl 2017

F.h. Ríkisútværpsins



F.h. STEFs



F.h. Tónskáldafélags Íslands



F.h. Félags tónskálda og textahöfunda

